



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Mannauðs- og launakerfi – Samkeppnisútbod nr. 16168

Tilboð í ofangreindu útbodinu voru opnuð þann 20. janúar 2026 og skiluðu tvö fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var bæði litið til verðtilboðs og gæða í samræmi við skilmála útbodsgagna. Um er að ræða samkeppnisútbod í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 og var útbodið auglýst á EES.

Um er að ræða samning um mannauðs- og launakerfi fyrir borgina. Samningur nær til innleiðingar, uppsetningar, endanlegs frágangs, þjálfunar og uppsetningar, prófana, samvinnu um samþættingu við önnur kerfi, ásamt samstarfs við yfirfærslu eldri gagna eins og við á. Hýsing og rekstur kerfisins verður hjá samningsaðila og er kostnaður vegna þess innifalinn í samningsverði.

Samningstíminn er ótímabundinn með 12 mánaða uppsagnarfrest hjá kaupanda en 18 mánaða uppsagnarfrest hjá seljanda en samningsfjárhæð er miðuð við 15 ár. Heimild er í samningnum fyrir valkvæð viðbótarkaup fyrir allt að 50% af heildarverðmæti samnings.

Valforsendur samkvæmt matslíkani voru þannig að verð gilti 30% og gæði 70%.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Verðtilboð án vsk.	Verðstig	Gæðastig	Samtals
Advania	1.026.194.000 kr.	27,2	46,5	73,7
Corus	931.920.000 kr.	30,0	45,3	75,3

Samtals samningsfjárhæð innifelur einnig í sér valkvæð viðbótarkaup sérfræðinga á samningstímanum. Innleiðingarkostnaður greiðist í þrepum eftir framvindu innleiðingar en rekstrar- og þjónustugjöld greiðast mánaðarlega eftir að innleiðingu lýkur og kerfið hefur verið tekið í notkun.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að hagkvæmasta tilboðinu sem barst, sem er frá Corus að fjárhæð 931.920.000 kr. án vsk. og fékk flest stig samkvæmt matslíkani útbodsgagna. Fyrirtækið hefur staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat kaupanda.

Virðingarfyllt

Lóa Birna Birgisdóttir
Mannauðs- og starfsumhverfissvið
Sviðsstjóri